

1999 nr. 99 27. desember**Lög um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi**

Tóku gildi 30. desember 1999. *Breytt með* l. 158/2000 (tóku gildi 1. jan. 2001), l. 34/2001 (tóku gildi 16. maí 2001), l. 144/2001 (tóku gildi 1. jan. 2002), l. 37/2002 (tóku gildi 7. maí 2002), l. 157/2002 (tóku gildi 1. jan. 2003), l. 137/2003 (tóku gildi 1. jan. 2004), l. 134/2004 (tóku gildi 1. jan. 2005), l. 32/2005 (tóku gildi 25. maí 2005; *EES-samningurinn*: IX. viðauki tilskipun 2002/92/EB), l. 130/2005 (tóku gildi 1. jan. 2006), l. 168/2006 (tóku gildi 1. jan. 2007), l. 154/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 153/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), l. 98/2009 (tóku gildi 1. okt. 2009 nema 69. og 70. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2010), l. 139/2009 (tóku gildi 1. jan. 2010), l. 150/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), l. 120/2011 (tóku gildi 1. des. 2011; *EES-samningurinn*: IX. viðauki tilskipun 2007/64/EB), l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), l. 182/2011 (tóku gildi 1. jan. 2012), l. 132/2012 (tóku gildi 1. jan. 2013), l. 140/2013 (tóku gildi 31. des. 2013 nema 1.–2., 4.–12., 16.–18., 23.–29., 31.–32., 34.–38. og 40.–48. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2014 og 21. gr. sem tekur gildi 1. jan. 2016; komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 49. gr.) og l. 125/2014 (tóku gildi 31. des. 2014 nema 6., 8., 13.–18., 21.–25. og 29. gr. sem tóku gildi 1. jan. 2015; komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 30. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Almennit ákvæði.

□ [Eftirlitsskyldir aðilar og aðrir gjaldskyldir aðilar skv. 5. gr. skulu standa straum af kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins í samræmi við ákvæði laga þessara.]¹⁾

□ Eftirlitsgjald samkvæmt þessum lögum rennur beint til reksturs Fjármálaeftirlitsins og er innheimt af Fjármálaeftirlitinu.

¹⁾ L. 154/2007, 1. gr.

■ 2. gr. Skýrsla um álagningu næsta árs.

□ Fyrir [1. júlí]¹⁾ ár hvert skal Fjármálaeftirlitið gefa [ráðherra]²⁾ skýrslu um áætlaðan rekstrarkostnað næsta árs. Í skýrslunni skal jafnframt lagt mat á þróun starfseminnar undangengin þrjú ár með tilliti til þess tíma sem ætla má að farið hafi í eftirlit með hverjum flokki eftirlitsskyldra aðila skv. 5. gr.

□ Skýrslu Fjármálaeftirlitsins skal fylgja álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila á áætluðu rekstrarumfangi næsta árs ásamt afgreiðslu stjórnar stofnunarinnar á því áli. Til að samráðsnefndin geti gefið álit sitt skal Fjármálaeftirlitið eigi síðar en [1. júní]¹⁾ ár hvert senda henni upplýsingar um áætlad rekstrarumfang ásamt skýringum á helstu rekstrarliðum.

□ Ef niðurstaða skýrslunnar gefur tilefni til að breyta hundr aðshluta eftirlitsgjalds skal [ráðherra]²⁾ leggja frumvarp þar að lútandi fyrir Alþingi.

¹⁾ L. 130/2005, 1. gr. ²⁾ L. 126/2011, 290. gr.

■ 3. gr. Ráðstöfun rekstrarafgangs og rekstrartaps.

□ Sé áætlað að rekstrarafgangur verði af starfsemi Fjármálaeftirlitsins á því ári þegar áætlun fyrir næsta ár er unnin skal tekið tillit til hans við ákvörðun eftirlitsgjalds næsta árs. Sé áætlað að rekstrartap verði af starfsemi Fjármálaeftirlitsins á því ári þegar áætlun fyrir næsta ár er unnin skal taka tillit til þess við ákvörðun eftirlitsgjalds næsta árs.

□ [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er Fjármálaeftirlitinu heimilt að mynda varasjóð sem samsvarar rekstrarafgangi umfram áætlun. Eigið fé sem haldið hefur verið eftir skv. 1. máls. skerðist ekki þótt síðar verði rekstrartap af starfseminni. Hámark eigin fjár sem heimilt er að halda eftir samkvæmt þessari málsgrein er 5% af áætluðu eftirlitsgjaldi næsta árs. Heimilt er að nýta viðkomandi sjóð til að fjármagna útgjöld umfram áætlunir vegna ófyrirséðra atvika.]¹⁾

¹⁾ L. 168/2006, 1. gr., sbr. einnig bráðkv. s.l.

■ 4. gr. [Álagningarstofn.

□ [Álagningarstofnar eftirlitsgjalds eftirlitsskylds aðila skv.

1.–9. og 11. tölul. 1. mgr. 5. gr., þó ekki þeirra er greiða skulu fast gjald, eru efnahags- eða rekstrarliðir samkvæmt ársreikningi eftirlitsskylds aðila fyrir næstliðið ár þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin.]¹⁾

□ [Hafi tveir eða fleiri eftirlitsskyldir aðilar sameinast er álagningarstofn eftirlitsgjalds hins sameinaða aðila samantlagðir efnahags- eða rekstrarliðir þessara aðila samkvæmt ársreikningum þeirra fyrir næstliðið ár.]¹⁾ Sama á við um samruna eftirlitsskylds aðila við annað fyrirtæki eða einstaka rekstrarhluta þess.

□ [Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur aðili er að hefja hina eftirlitsskyldu starfsemi skal miða álagningu við lágmarksgjald skv. 5. gr. Sé ársreikningur fyrir hendi vegna fyrri starfsemi viðkomandi fyrirtækis er heimilt að nota efnahags- eða rekstrarliði samkvæmt honum sem álagningarstofn. Sama á við ef fyrir liggur stofnefnahagsreikningur hins nýja eftirlitsskylda aðila. [Liggi hvorki ársreikningur né stofnefnahagsreikningur fyrir er heimilt að leggja bráðabirgðaeftirlitsgjald á viðkomandi aðila á grundvelli áætlaðs efnahagsreiknings. Bráðabirgðagjaldið skal endurskoðað þegar ársreikningur eða stofnefnahagsreikningur liggur fyrir.]²⁾ Þegar um er að ræða nýtt váttryggingafélag sem tekið hefur að öllu leyti við váttryggingarstofni eldra félags skal álagningarstofn vera bókfærð iðgjöld samkvæmt ársreikningi eldra félagsins.]¹⁾

□ Álagningarstofn eftirlitsgjalds á útgefendur fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, er markaðsvirði þeirra í árslok næstliðins árs þegar skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin, sbr. nánar [4. og 5. mgr. 5. gr.]³⁾ Álagningarstofn vegna fjármálagerninga sem teknir eru til skráningar á því ári sem skýrsla Fjármálaeftirlitsins skv. 2. gr. er samin skal vera markaðsvirði þeirra í lok þess sama árs. Með markaðsvirði er átt við nafnvirði fjármálagernings margfaldað með gengi samkvæmt upplýsingum skipulegs verðbréfamarkaðar og markaðstorgs fjármálagerninga.

□ Álagning eftirlitsgjalds á eftirlitsskylda aðila skv. 1.–3. mgr. er óháð álagningu eftirlitsgjalds á eftirlitsskylda aðila sem eru útgefendur fjármálagerninga skv. 4. mgr.

□ Hafi tveir eða fleiri útgefendur fjármálagerninga, sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, sameinast er heimilt að miða álagningu við samantlagt markaðsvirði fjármálagerninga þeirra.]⁴⁾

¹⁾ L. 139/2009, 1. gr. ²⁾ L. 150/2010, 1. gr. ³⁾ L. 153/2008, 1. gr. ⁴⁾ L. 154/2007, 2. gr.

■ 5. gr. [Gjaldskyldir aðilar, álagningarstofn og álagt gjald.]¹⁾

□ [Eftirtaldir eftirlitsskyldir aðilar skulu greiða eftirlitsgjald af álagningarstofni í þeim hlutföllum og stærðum sem hér segir:

1. Viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrirtæki, greiðslustofnanir og rafeyrnisfyrirtæki skulu greiða eftirfarandi hlutföll af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.:

a. Viðskiptabankar [0,0277%.]²⁾

b. Sparisjóðir, lánaþyrirtæki, greiðslustofnanir og rafeyrnisfyrirtæki [0,0251%.]²⁾

2. Váttryggingafélög skulu greiða [0,314%]²⁾ af bókfærðum iðgjöldum, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.

3. Félög eða einstaklingar sem stunda váttryggingamiðlun skulu greiða [0,172%]²⁾ af þeim iðgjöldum sem miðlað hefur verið á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 450.000 kr.

4. Verðbréfafyrirtæki skulu greiða [0,49%]²⁾ af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.

5. Verðbréfamiðlanir skulu greiða [0,49%]²⁾ af eignum samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.

6. Rekstrarfélög verðbréfasjóða skulu greiða [0,030%]²⁾ af eignum rekstrarfélags og verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í rekstri þess samtals, þó aldrei lægri fjárhæð en 1.000.000 kr. Þá skulu fagfjárfestingarjódur í rekstri rekstrarfélags eða annars aðila greiða [0,0133%]²⁾ af hreinni eign viðkomandi sjóðs, þó aldrei lægri fjárhæð en [150.000 kr.]³⁾

7. Verðbréfamiðstöðvar skulu greiða [0,70%]³⁾ af rekstrartekjum, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.

8. Kauphallir skulu greiða [0,80%]³⁾ af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 600.000 kr.

9. Lífeyrissjóðir skulu samtals greiða [0,0097%]²⁾ af hreinni eign til greiðslu lífeyris. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem [1.250.000 kr.]²⁾ fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna, [2.050.000 kr.]²⁾ vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til og með tíu milljarða króna, [3.580.000 kr.]²⁾ vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til og með tuttugu og fimm milljarða króna, [6.650.000 kr.]²⁾ vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til og með tíu milljarða króna og [7.710.000 kr.]²⁾ vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við hreina eign til greiðslu lífeyris.

10. Innlánsdeildir samvinnufélaga skulu greiða fastagjald sem nemur 450.000 kr.

11. Íbúðalánasjóður skal greiða [0,0059%]²⁾ af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 1.000.000 kr.

12. Lánasjóður sveitarfélaga ohf. skal greiða [0,0078%]²⁾ af eignum samtals, þó eigi lægri fjárhæð en 600.000 kr.

13. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta og öryggissjóðir samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, nr. 98/1999, skulu greiða fastagjald sem nemur 500.000 kr.

14. Aðilar með innheimtuleyfi samkvæmt innheimtulögum, nr. 95/2008, skulu greiða fastagjald sem nemur 700.000 kr.

□ Einstaklingar og lögaðilar, aðrir en fjármálfyrirtæki, sem starfrækja gjaldeyrisskiptastöð eða peninga- og verðmæta-sendingarþjónustu, sbr. 1. mgr. 25. gr. a laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, nr. 64/2006, skulu greiða fastagjald sem nemur 600.000 kr.

□ Erlendir vörsluaðilar séreignarsparnaðar sem fengið hafa staðfestingu þess ráðuneytis sem fer með málefni lífeyrissjóða á reglum um viðbótartryggingavernd og séreignarsparnað, sbr. 10. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, skulu greiða fastagjald sem nemur 1.600.000 kr.

□ Útibú erlendra eftirlitsskyldra aðila sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi skulu greiða eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulíð 1. mgr.

□ Eignarhaldsfélög á fjármálasviði, eignarhaldsfélög á váttryggingasviði, blönduð eignarhaldsfélög, blönduð eignarhaldsfélög á váttryggingasviði og blönduð eignarhaldsfé-

lög í fjármálastarfsemi skulu greiða fastagjald sem nemur 1.500.000 kr.

□ Útgefendur hlutabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefina hlutabréfa sinna. Greiða skal 370.000 kr. fastagjald vegna hlutabréfa að markaðsvirði undir fimm milljörðum króna, 1.000.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá fimm til og með tuttugu og fimm milljarða króna, 3.000.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá tuttugu og fimm til og með eitt hundrað milljarða króna, 5.500.000 kr. vegna hlutabréfa að markaðsvirði frá eitt hundrað til og með fimm hundruð milljarða króna og 7.850.000 kr. vegna hlutabréfa með markaðsvirði yfir fimm hundruð milljörðum króna.

□ Útgefendur skuldabréfa, sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi, skulu greiða fastagjald tengt fjárhæð markaðsvirðis útgefina skuldabréfa sinna. Greiða skal 120.000 kr. fastagjald vegna skuldabréfa að markaðsvirði undir einum milljarði króna, 190.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá einum til og með fimm milljarða króna, 440.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm til og með tíu milljarða króna, 750.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá tíu til og með fimmtíu milljarða króna, 1.060.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði frá fimm-tíu til og með tvö hundruð milljarða króna og 1.250.000 kr. vegna skuldabréfa að markaðsvirði yfir tvö hundruð milljörðum króna.

□ Eftirlitsgjald skal reiknast í heilum þúsundum króna. Við álagningu skal jafnframt færa álagningarstofna í þúsundir króna.

□ [Fjármálfyrirtæki sem er stýrt af slitastjórn eða bráðabirgðastjórn samkvæmt lögum um fjármálfyrirtæki, nr. 161/2002, óháð því hvort viðkomandi fyrirtæki hefur starfsleyfi, takmarkað starfsleyfi eða starfsleyfi þess hefur verið afturkallað, greiðir fastagjald. Gjaldið miðast við það starfsleyfi sem fyrirtækið hafði áður en það fór undir yfirráð slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar og greiðist samkvæmt eftirfarandi sundurliðun: Viðskiptabankar [3.000.000 kr.],³⁾ aðrar lánastofnanir [1.500.000 kr.]³⁾ og önnur fjármálfyrirtæki [500.000 kr.]³⁾ Gjald samkvæmt þessari málsgrein greiðist þangað til slitum er lokið en um gjaldið fer skv. 110. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Fyrirtæki greiðir eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulíðum 1. mgr. þar til það fer undir yfirráð slitastjórnar eða bráðabirgðastjórnar en hlutfallslega skv. 2. málsl. þessarar málsgreinar frá því tíma-marki.]⁴⁾⁵⁾

¹⁾ L. 157/2002, 1. gr. ²⁾ L. 125/2014, 6. gr. ³⁾ L. 140/2013, 12. gr. ⁴⁾ L. 132/2012, 1. gr. ⁵⁾ L. 182/2011, 1. gr.

■ 6. gr. Framkvæmd álagningar og innheimtu.

□ Álagning eftirlitsgjalds samkvæmt lögum þessum skal fara fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Fjármálaeftirlit-ið skal gera eftirlitsskyldum aðilum [og öðrum gjaldskyldum aðilum]¹⁾ grein fyrir álagningunni með bréfi.

□ Eftirlitsgjald greiðist ársþriðjungslega með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. febrúar og eindagi 15. febrúar, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. maí og eindagi 15. maí og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september. [Framangreind greiðsluskipting tekur þó hvorki til álagðs eftirlitsgjalds sem nemur 300.000 kr. eða lægri fjárhæð né til eftir-

litsgjalds skv. 9. mgr. 5. gr. en þessi gjöld skal innheimta í einni greiðslu 1. febrúar.]²⁾

□ Hefji eftirlitsskyldur aðili starfsemi eftir að álagning fer fram skv. 1. mgr. skal leggja á hann eftirlitsgjald samkvæmt viðeigandi tölulíð 5. gr., sbr. og 3. mgr. 4. gr., og miðast álagningin við næsta gjalddaga eftir útgáfu starfsleyfis. Skal fjárhæð gjaldsins taka mið af því hversu langur tími er eftir af rekstrarárinu, talið frá næsta gjalddaga. Greiðist gjaldið þá á þeim gjalddögum sem eftir eru. Séu allir gjalddagar liðnir skal ekki leggja á eftirlitsgjald vegna yfirstandandi rekstrarárs. [Hætti eftirlitsskyldur aðili starfsemi áður en eftirlitsgjald er að fullu greitt fellur niður sá hluti gjaldsins sem ekki er kominn í gjalddaga þegar starfsleyfi fellur úr gildi, sbr. þó 9. mgr. 5. gr.]³⁾

□ [Ákvæði lokamálsliðar 3. mgr. gildir eftir því sem við á um fjármálagerninga sem teknir hafa verið úr viðskiptum á skipulegum verðbréfamarkaði og markaðstorgi fjármálagerninga hér á landi á álagningarári.]¹⁾

□ Sé eftirlitsgjald greitt eftir eindaga hvernar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við vaxtalög.

□ [Vanræki eftirlitsskyldur aðili greiðslu eftirlitsgjalds er heimilt að afturkalla starfsleyfi í samræmi við þau lög sem um viðkomandi starfsemi gilda, enda séu liðnir sex mánuðir frá fyrsta gjalddaga í vanskilum.]⁴⁾

□ Heimilt er Fjármálaeftirlitinu að ákvarða álagningu eftirlitsgjalds að nýju gagnvart tilteknum eftirlitsskyldum aðilum reynist álagningarstofn eða aðrar forsendur fyrri álagningar ekki réttar.

¹⁾ L. 154/2007, 4. gr. ²⁾ L. 139/2009, 3. gr. ³⁾ L. 150/2010, 3. gr. ⁴⁾ L. 130/2005, 4. gr.

■ 7. gr. Greiðslur fyrir sértækar aðgerðir.

□ Telji Fjármálaeftirlitið að eftirlit með einstökum eftirlitsskyldum aðila sé umtalsvert kostnaðarsamara og krefjist meiri mannafla en áætlun um reglubundið eftirlit gerir ráð fyrir skal það gera stjórn stofnunarinnar grein fyrir því. Stjórn Fjármálaeftirlitsins getur þá ákveðið að viðkomandi eftirlitsskyldum aðila verði gert að greiða samkvæmt reikningi fyrir nauðsynlegt umframeftirlit.

□ [Fastagjöld fyrir afgreiðslu umsókna um starfsleyfi eftirlitsskyldra aðila eru eftirfarandi:

1. Vegna viðskiptabanka, sparissjóða, lánafyrirtækja, rafeyrisfyrirtækja og váttryggingafélaga 1.000.000 kr.

2. Vegna verðbréfafyrirtækja, verðbréfamiðlana, rekstrarfélaga verðbréfasjóða og verðbréfamiðstöðva 500.000 kr.

3. Vegna annarra eftirlitsskyldra aðila 100.000 kr.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefjast gjalds fyrir afgreiðslu og skráningu sértækrar staðfestingar og mats sem leiðir af starfsemi stofnunarinnar en telst ekki þáttur í reglubundnu eftirliti. Gjöld fyrir þessa þjónustu skulu tilgreind í gjaldskrá.]¹⁾

□ [Gjaldskrá fyrir eftirlit skv. 1. mgr., afgreiðslu umsókna skv. 2. mgr. og þjónustu skv. 3. mgr. skal samþykkt af stjórn Fjármálaeftirlitsins og birt í Stjórnartíðindum.]¹⁾

¹⁾ L. 139/2009, 4. gr.

■ 8. gr. [Nú vill eftirlitsskyldur aðili ekki una ákvörðun um álagningu, gjaldstofn og útreikning eftirlitsgjalds, og ákvörðun um greiðslur fyrir sértækar aðgerðir, sbr. 7. gr., og getur hann þá höfðað mál til ógildingar hennar fyrir dómstólum. Mál skal höfðað innan eins mánaðar frá því að aðila var gerð grein fyrir álagningunni með bréfi Fjármálaeftirlitsins. Málshöfðun frestar ekki innheimtuáðgerðum Fjármálaeftirlitsins

né heimildum til aðfarar vegna krafanna. Ákvörðunum Fjármálaeftirlitsins um álagningu eftirlitsgjalds verður ekki skotið til ráðherra.]¹⁾

¹⁾ L. 168/2006, 3. gr. Þar er ekki kveðið á um að fyrirsögn greinarinnar „Kæruleið“ falli brott en efnislegar breytingar fela það í sér að hún á ekki lengur við.

■ 9. gr. Gildistaka o.fl.

□ [Ráðherra]¹⁾ er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.²⁾

□ Lög þessi öðlast þegar gildi. . . .

¹⁾ L. 126/2011, 290. gr. ²⁾ Rg. 562/2001, sbr. 32/2009.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.** Álagning eftirlitsgjalds fyrir árið 1999, sbr. auglýsingu nr. 5 6. janúar 1999, um álagningu eftirlitsgjalds þeirra aðila er lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins á árinu 1999, er sem hér segir:

1. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,019425% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

2. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 2. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,3135% af bókfærðum frumtryggingaiðgjöldum og 0,038% af bókfærðum endurtryggingaiðgjöldum eins og iðgjöld þessi voru tilgreind í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. Vegna söfnunarlíftrygginga greiðist þó eftirlitsgjald sem nemur 0,00931% af nettómismun iðgjaldaskuldar að frádregnum hluta endurtryggjenda í iðgjaldaskuldinni.

3. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,05035% af því iðgjaldamagni sem miðlað var á árinu 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

4. Á þá aðila sem falla undir ákvæði 4. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er álagningu háttáð þannig að á sérhvert fyrirtæki í verðbréfabjónustu er lagt 0,1015% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, á verðbréfasjóði er lagt 0,05481% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997 og á rekstrarfélög verðbréfasjóða er lagt 0,093888% af eignum samtals eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr. á sérhvern aðila.

5. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 5. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997.

6. Á sérhvern lífeyrissjóð sem fellur undir ákvæði 6. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 0,00931% af hreinni eign til greiðslu lífeyris eins og hún var í árslok 1997. Greiða skal eftirlitsgjaldið sem 150.000 kr. fastagjald vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris undir einum milljarði króna í árslok 1997, 300.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris frá einum til tíu milljarða króna í árslok 1997 og 600.000 kr. vegna þeirra lífeyrissjóða er höfðu hreina eign til greiðslu lífeyris þar yfir í árslok 1997. Það sem þá er ógreitt af eftirlitsgjaldi skv. 1. málsl. greiðist í hlutfalli við fjölda virkra sjóðfélaga eins og þær voru í árslok 1997.

7. Á sérhvern aðila sem fellur undir ákvæði 7. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga þessara er lagt 1,85% af rekstrartekjum eins og þær voru tilgreindar í ársreikningi fyrir árið 1997, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.

□ Ráðherra samþykkir rekstraráætlun fyrir árið og auglýsir í Stjórnartíðindum hundraðshluta álagðs eftirlitsgjalds á einstaka flokka eftirlitsskyldra aðila. Eftirlitsgjaldið er innheimt af Fjármálaeftirlitinu og rennur til reksturs þess. Gjald-

ið greiðist ársfjórðungslega með fjórum jafnháum greiðslum. Gjald dagar eru 20. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október, en eindagar 1. febrúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október.

Sé ársreikningur ekki fyrir hendi þar sem eftirlitsskyldur

aðili er nýr á markaði skal miða álagningu við áætlun hans um rekstur fyrir næsta ár. Eftirlitsgjald vegna fyrsta starfsárs nýs eftirlitsskylds aðila skal miðast við áætlun hans um rekstur á því ári.

ELDDRI ÚTGÁFA